

# **Bolungarvíkur- kaupstaður**

Ársreikningur 2011

# **Bolungarvíkur- kaupstaður**

## **Samstæða**

Ársreikningur 2011

Efnisyfirlit.

Áritun endurskoðenda og skoðunnarmanna.....	2
Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur.....	5-6
Sjóðsstreymi.....	7
Rekstraryfirlit.....	8
Efnahagsyfirlit.....	9-10
Skýringar.....	11-27

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til bæjarstjórnar Bolungarvíkur.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, heildaryfirlit um rekstur, efnahagsyfirlit og skýringar nr. 1 - 21.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Bæjarstjórn og stjórnendur Bolungarvíkurkaupstaðar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reikningsskilareglur sveitarfélaga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Bolungarvíkurkaupstaðar á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög og reikningsskilareglur sveitarfélaga.

## Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu nr. 17 með ársreikningnum þar sem fjallað er um erfiða fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins, þær óvenjulegu aðstæður sem hafa nú skapast á fjármálamarkaði og þá almennu óvissu sem nú ríkir um áframhaldandi rekstur félaga landsins. Ekki er fyrirséð hvaða áhrif fjármálakreppan mun hafa á rekstur og stöðu sveitarfélagsins.

Bolungarvík 31. maí 2012

**Endurskoðun Vestfjarða ehf.**

Jón Þorgeir Einarsson  
endurskoðandi

# Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

---

Ársreikningur Bolungarvíkurkaupstaðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar innanríkisráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Starfseminni er skipt í a-hluta annars vegar og b-hluta hins vegar. Til a-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í b-hluta eru fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar sem eru: Hafnarsjóður, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir og Félagsheimili.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 712 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir a og b hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 637 milljónum króna. Rekstrartekjur a-hluta námu um 592 milljón króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 520 milljónum króna.

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu um 332 milljónum króna en starfsmannafjöldi sveitarfélagsins nam 61 stöðugildi í árslok.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi a og b hluta var neikvæð að fjárhæð um 26 milljón króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir jákvæðri afkomu að fjárhæð 35 milljónum króna. Rekstrarafkoma a-hluta var neikvæð að fjárhæð 37 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu um 23 milljónir króna.

Heildareignir a-hluta um 1.120 milljón króna og heildareignir sveitarfélagsins í samanteknum ársreikningi um 1.278 milljónum króna í árslok 2011. Heildarskuldur a-hluta námu um 834 milljónum króna og í samanteknum ársreikningi um 1.189 milljón króna á sama tíma. Eigið fé bæjarsjóðs nam um 286 milljónum króna og eigið fé í samanteknum reikningsskilum nam tæpar 90 milljónum króna í árslok 2011.

Íbúafjöldi í Bolungarvíkurkaupstað 1. desember 2011 var 890 og fjölgaði um 3 einstaklinga frá fyrra ári.

Ársreikningur Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2011 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Bolungarvík 24. apríl 2012.

Eliás Jónatansson bæjarstjóri

## Bæjarráð:

Baldur Smári Einarsson formaður bæjarráðs

Ketill Elíasson

Víðir Benediktsson

Bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar og bæjarstjóri staðfesta hér með ársreikning Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Bolungarvík 31. maí 2012

María Elísabet Jakobsdóttir forseti bæjarstjórnar

Baldur Smári Einarsson

Ketill Elíasson

Eliás Jónatansson

Jóhann Hannibalsson

Víðir Benediktsson

Ylfa Mist Helgadóttir

# Rekstrarreikningur árið 2011

	Skýr.	Sveitarsjóður			Samantekinn ársreikningur		
		2011	Áætlun	2010	2011	Áætlun	2010
<b>Tekjur</b>	4						
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs .....		362.451	328.008	315.198	359.778	328.008	312.468
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....		113.261	89.000	98.819	113.261	89.000	98.819
Framlög frá A-hluta .....		0	0		0	0	
Aðrar tekjur .....		116.382	102.825	100.514	239.189	220.369	225.783
		<u>592.094</u>	<u>519.833</u>	<u>514.532</u>	<u>712.227</u>	<u>637.377</u>	<u>637.071</u>
<b>Gjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	5	299.735	288.646	279.629	331.588	318.389	313.904
Annar rekstrarkostnaður .....		234.419	202.466	184.080	279.494	248.828	224.205
Framlög til B-hluta .....		32.859	0	14.168	0	0	0
		<u>567.014</u>	<u>491.112</u>	<u>477.876</u>	<u>611.082</u>	<u>567.217</u>	<u>538.109</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>		25.080	28.721	36.656	101.145	70.160	98.962
Afskriftir .....	9	<u>(16.740)</u>	<u>(23.509)</u>	<u>(16.716)</u>	<u>(33.936)</u>	<u>(32.273)</u>	<u>(27.751)</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði</b>		8.340	5.212	19.940	67.209	37.887	71.211
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	6,7	<u>(45.500)</u>	<u>(28.105)</u>	<u>(8.541)</u>	<u>(93.178)</u>	<u>(73.518)</u>	<u>(42.426)</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir óvenjulega liði</b>		(37.161)	(22.893)	11.398	(25.970)	(35.631)	28.785
<b>Aðrar tekjur og gjöld</b>							
Lækkun skulda hjá Íbúðalánasjóði .....		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>73.000</u>	<u>0</u>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>		<u><u>(37.161)</u></u>	<u><u>(22.893)</u></u>	<u><u>11.398</u></u>	<u><u>(25.970)</u></u>	<u><u>37.369</u></u>	<u><u>28.785</u></u>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
		31.12.2011	31.12.2010	31.12.2011	31.12.2010
<b>Fastafjármunir</b>					
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>	9				
Fasteignir .....		322.303	576.126	759.618	761.338
Hafnarmannvirki .....				83.943	79.858
Gatnakerfi .....		27.516	9.710	27.516	9.710
Snjóflóðavarnagarður .....		7.735	7.735	7.735	7.735
Vatnsveitu- og holræsakerfi .....				85.763	89.692
Vélar, áhöld og tæki .....		14.113	19.041	26.712	19.331
		<u>371.666</u>	<u>612.612</u>	<u>991.286</u>	<u>967.664</u>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>					
Eignarhlutar í félögum .....	10	87.542	102.724	87.542	102.724
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		437.011	178.036		
		<u>524.553</u>	<u>280.760</u>	<u>87.542</u>	<u>102.724</u>
<b>Fastafjármunir</b>		<u>896.219</u>	<u>893.371</u>	<u>1.078.828</u>	<u>1.070.388</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
<b>Skammtímakröfur</b>					
Óinnheimtar tekjur .....	11	38.580	31.233	46.840	38.358
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	11	149.222	49.249	149.289	49.997
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....		22.044	14.683		
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....		10.604	71.952		
		<u>220.451</u>	<u>167.116</u>	<u>196.130</u>	<u>88.355</u>
<b>Handbært fé</b>					
Bankainnistæður .....	11	3.220	12.899	3.246	12.906
		<u>3.220</u>	<u>12.899</u>	<u>3.246</u>	<u>12.906</u>
<b>Veltufjármunir</b>		<u>223.671</u>	<u>180.015</u>	<u>199.376</u>	<u>101.261</u>
<b>Eignir</b>		<u>1.119.890</u>	<u>1.073.386</u>	<u>1.278.204</u>	<u>1.171.649</u>

## 31. desember 2011

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
		31.12.2011	31.12.2010	31.12.2011	31.12.2010
<b>Eigið fé</b>	12				
Eigið fé .....		286.432	331.651	89.530	123.222
<b>Eigið fé</b>		<u>286.432</u>	<u>331.651</u>	<u>89.530</u>	<u>123.222</u>
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	13	96.453	94.326	96.453	94.326
		<u>96.453</u>	<u>94.326</u>	<u>96.453</u>	<u>94.326</u>
<b>Langtímaskuldir</b>	14				
Skuldir við Lánasjóð sveitarfélaga .....		420.148	401.495	420.148	401.495
Skuldir við aðrar lánastofnanir .....		108.030	84.605	461.313	394.904
Skuldir við eigin fyrirtæki .....					
Næsta árs afborganir .....		(76.285)	(82.329)	(94.934)	(101.180)
		<u>451.892</u>	<u>403.771</u>	<u>786.527</u>	<u>695.219</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir.....		16.569	28.878	16.569	28.878
Viðskiptaskuldir .....	15	128.494	101.018	129.938	101.018
Skuldir við eigin fyrirtæki.....		6.764	7.846		
Aðrar skammtímaskuldir.....	15	57.000	23.567	64.253	27.806
Næsta árs afborganir langtímalána.....	14	76.285	82.329	94.934	101.180
		<u>285.112</u>	<u>243.638</u>	<u>305.694</u>	<u>258.882</u>
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>		<u>833.458</u>	<u>741.735</u>	<u>1.188.674</u>	<u>1.048.427</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>1.119.890</u>	<u>1.073.386</u>	<u>1.278.204</u>	<u>1.171.649</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2011

	Skýr.	Sveitarsjóður			Samantekið		
		2011	2011 áætlun	2010	2011	2011 áætlun	2010
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Niðurstaða tímabilsins .....		(37.161)	(25.315)	11.398	(25.970)	34.947	28.785
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:							
Reiknaðar afskriftir .....		16.740	23.509	16.716	33.936	32.348	27.751
Verðbætur og gengismunur .....		16.672	19.040	8.511	45.289	45.509	22.807
Niðurfelldar skuldir .....						(73.000)	
Söluhagnaður .....		(5.267)		(9.417)	(5.267)		(9.417)
Breyting á lífeyrisskuldbindingum .....		2.127	500	3.936	2.127	500	3.936
<b>Veltufé (til)/frá rekstri</b>		<b>(6.888)</b>	<b>17.734</b>	<b>31.144</b>	<b>50.116</b>	<b>40.304</b>	<b>73.862</b>
Breytingar á skammtímalíðum:							
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) .....		(7.347)		12.698	(8.482)		14.222
Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....		10.636		29.872	11.317		38.801
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		21.853		(31.680)	26.262		(36.048)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		25.142		10.890	29.096		16.975
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>18.253</b>	<b>17.734</b>	<b>42.034</b>	<b>79.213</b>	<b>40.304</b>	<b>90.838</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....		(42.786)	(95.500)	(72.593)	(324.550)	(109.200)	(95.185)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....		264.200		11.870	264.200		11.870
Eignarhlutar í félögum, breyting .....		15.182		(114)	15.182		(114)
Langtímakröfur, breyting .....		(256.467)		20.223			5.862
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<b>(19.872)</b>	<b>(95.500)</b>	<b>(40.614)</b>	<b>(45.168)</b>	<b>(109.200)</b>	<b>(77.568)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Skuldir við lánastofnanir .....		(12.309)		(15.855)	(12.309)		(15.855)
Ógr. fjárfestingar og virðisaukaskattur v/fjárf. ....		(84.846)		52.353	(84.846)		52.353
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting .....		60.216	29.800	(5.087)	0		
Tekin ný langtímalán .....		98.349	144.000		144.773	180.000	
Afborganir langtímalána .....		(82.812)	(86.648)	(78.906)	(105.000)	(101.720)	(95.843)
Skammtímaskuldir, breyting .....		13.342			13.678		
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>(8.061)</b>	<b>87.152</b>	<b>(47.495)</b>	<b>(43.704)</b>	<b>78.280</b>	<b>(59.345)</b>
<b>Hækkun (lækkun) handbærs fjár</b> .....		<b>(9.679)</b>	<b>9.386</b>	<b>(46.075)</b>	<b>(9.659)</b>	<b>9.384</b>	<b>(46.075)</b>
<b>Handbært fé í upphafi árs</b> .....		<b>12.899</b>	<b>1.185</b>	<b>58.975</b>	<b>12.906</b>	<b>1.185</b>	<b>58.981</b>
<b>Handbært fé í lok tímabils</b> .....		<b>3.220</b>	<b>10.571</b>	<b>12.899</b>	<b>3.246</b>	<b>10.569</b>	<b>12.906</b>

## Rekstraryfirlit árið 2011

	Rekstrar- niðurstaða	Áætlun	Frávik	Tekjur samtals	Skatt- tekjur	Framlög jöfnunar- sjóðs	Aðrar tekjur	Rekstrar- gjöld samtals	Laun og launatengd gjöld	Annar rekstrar- kostnaður	Innri leiga	Skattar og önnur opin. gjöld	Afskriftir	Fjármagns- liðir nettó	Styrkir og framlög
<b>Aðalsjóður</b>															
00 - Skatttekjur .....	482.877	417.008	65.869	482.877	369.617	113.261	0	0	0	0	0	0	0	0	0
02 - Félagsþjónusta .....	(64.071)	(40.524)	(23.547)	10.775	0	0	10.775	74.846	24.419	5.686	1.034	0	0	0	43.707
03 - Heilbrigðismál .....	(2.195)	(2.294)	99	0	0	0	0	2.195	0	0	2.195	0	0	0	0
04 - Fræðslu- og uppeldismál .....	(219.166)	(212.353)	(6.813)	28.331	0	0	28.331	247.497	181.803	30.157	29.556	0	0	0	5.981
05 - Menningarmál .....	(24.069)	(8.867)	(15.202)	675	0	0	675	24.744	4.335	7.087	4.219	0	0	0	9.102
06 - Æskulýðs- og íþróttamál .....	(46.232)	(41.210)	(5.022)	28.587	0	0	28.587	74.819	32.997	15.001	14.569	0	0	0	12.252
07 - Brunamál og almannavarnir .....	(9.007)	(11.685)	2.678	14.259	0	0	14.259	23.266	6.978	10.470	4.065	204	70	0	1.478
08 - Hreinlætismál .....	(3.256)	(4.834)	1.578	15.552	0	0	15.552	18.808	1.585	14.397	0	0	0	0	2.827
09 - Skipulags- og byggingamál .....	(334)	648	(982)	6.523	0	0	6.523	6.857	522	6.088	0	247	0	0	0
10 - Umferðar- og samgöngumál .....	(24.319)	(30.296)	5.977	4.708	0	0	4.708	29.026	0	28.092	935	0	0	0	0
11 - Umhverfismál .....	(12.033)	(8.728)	(3.305)	138	0	0	138	12.171	1.469	10.452	0	0	0	0	250
13 - Atvinnumál .....	(2.281)	(1.462)	(819)	437	0	0	437	2.718	0	2.399	0	0	0	0	319
20 - Framlög til B-hluta fyrirtækja .....	(31.866)	0	(31.866)	0	0	0	0	31.866	0	0	0	0	0	0	31.866
21 - Sameiginlegur kostnaður .....	(50.518)	(56.751)	6.233	16.390	0	0	16.390	66.908	39.261	20.601	2.306	0	0	0	4.741
22 - Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	(2.127)	(500)	(1.627)	0	0	0	0	2.127	2.127	0	0	0	0	0	0
28 - Fjármagnsliðir .....	(11.334)	5.474	(16.808)	0	0	0	0	11.334	0	0	0	0	0	11.334	0
<b>Par af innri viðskipti</b>	<b>(19.929)</b>	<b>3.626</b>	<b>(23.555)</b>	<b>609.253</b>	<b>369.617</b>	<b>113.261</b>	<b>126.375</b>	<b>629.181</b>	<b>295.496</b>	<b>150.429</b>	<b>58.878</b>	<b>451</b>	<b>70</b>	<b>11.334</b>	<b>112.523</b>
<b>Aðalsjóður samtals</b>	<b>(19.929)</b>	<b>3.626</b>	<b>(23.555)</b>	<b>589.637</b>	<b>369.370</b>	<b>113.261</b>	<b>107.007</b>	<b>609.566</b>	<b>295.496</b>	<b>149.567</b>	<b>58.878</b>	<b>204</b>	<b>70</b>	<b>11.334</b>	<b>94.015</b>
<b>Aðrir sjóðir í A - hluta</b>															
Eignasjóður Bolungarvíkur .....	(17.232)	(26.519)	9.287	68.861	0	0	68.861	86.093	4.239	24.497	0	6.521	16.670	34.166	0
	(17.232)	(26.519)	9.287	68.861	0	0	68.861	86.093	4.239	24.497	0	6.521	16.670	34.166	0
<b>Par af innri viðskipti í A-hluta</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(66.405)</b>	<b>(6.919)</b>	<b>0</b>	<b>(59.486)</b>	<b>(66.405)</b>	<b>0</b>	<b>(1.214)</b>	<b>(58.273)</b>	<b>(6.919)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Samantekið fyrir A - hluta</b>	<b>(37.161)</b>	<b>(22.893)</b>	<b>(14.268)</b>	<b>592.094</b>	<b>362.451</b>	<b>113.261</b>	<b>116.382</b>	<b>629.254</b>	<b>299.735</b>	<b>172.851</b>	<b>606</b>	<b>(194)</b>	<b>16.740</b>	<b>45.500</b>	<b>94.015</b>
<b>Sjóðir í B - hluta</b>															
Hafnarsjóður Bolungarvíkur .....	21.375	13.416	7.959	77.835	0	0	77.835	56.460	19.776	20.888	0	90	4.548	11.159	0
Vatnsveita Bolungarvíkur .....	(4.314)	(10.178)	5.864	30.551	0	0	30.551	34.865	6.077	16.745	0	51	3.929	8.063	0
Félagsheimili Bolungarvíkur .....	(4.488)	(2.252)	(2.236)	9.691	0	0	9.691	14.178	2.524	5.875	0	396	5.383	0	0
Félagslegar íbúðir Bolungarvíkur .....	0	55.133	(55.133)	44.173	0	0	44.173	44.173	1.451	13.192	0	2.137	3.336	24.058	0
Fráveita Bolungarvíkur .....	(1.382)	4.143	(5.525)	10.933	0	0	10.933	12.314	2.026	5.891	0	0	0	4.398	0
	11.191	60.262	(49.071)	173.183	0	0	173.183	161.991	31.853	62.590	0	2.674	17.196	47.678	0
<b>Par af innri viðskipti í B-hluta</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Samantekið fyrir B - hluta</b>	<b>11.191</b>	<b>60.262</b>	<b>(49.071)</b>	<b>173.183</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>173.183</b>	<b>161.991</b>	<b>31.853</b>	<b>62.590</b>	<b>0</b>	<b>2.674</b>	<b>17.196</b>	<b>47.678</b>	<b>0</b>
<b>Viðskipti milli A og B hluta</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(53.049)</b>	<b>(2.673)</b>	<b>0</b>	<b>(50.376)</b>	<b>(53.049)</b>	<b>0</b>	<b>(13.714)</b>	<b>(606)</b>	<b>(2.673)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(36.056)</b>
<b>Samantekið fyrir A- og B-hluta</b>	<b>(25.970)</b>	<b>37.369</b>	<b>(63.339)</b>	<b>712.227</b>	<b>359.778</b>	<b>113.261</b>	<b>239.189</b>	<b>738.197</b>	<b>331.588</b>	<b>221.727</b>	<b>0</b>	<b>(192)</b>	<b>33.936</b>	<b>93.178</b>	<b>57.960</b>

## Efnahagsyfirlit 31.12. 2011

Efnahagsreikningur	Aðal- sjóður	Eigna- sjóður	Milli- færslur	Samtals A - hluta stofnanir	Hafnar- sjóður	Vatns- veita	Félags- heimili	Félagsl. íbúðir	Fráveita	Samtals B - hluta stofnanir	Milli- færslur	Saman- tekinn reikningur
<b>Eignir</b>												
<b>Fastafjármunir</b>												
Varanlegir rekstrarfjármunir												
Fasteignir .....		322.303		<b>322.303</b>			255.439	181.877		<b>437.316</b>		<b>759.618</b>
Hafnarmannvirki .....					83.943					<b>83.943</b>		<b>83.943</b>
Gatnakerfi .....		27.516		<b>27.516</b>								<b>27.516</b>
Snjóflóðavarnagarður .....		7.735		<b>7.735</b>								<b>7.735</b>
Vatnsveitu- og holræsakerfi .....						70.458			15.305	<b>85.763</b>		<b>85.763</b>
Vélar, áhöld og tæki .....		14.113		<b>14.113</b>	290		12.310			<b>12.599</b>		<b>26.712</b>
		371.666		<b>371.666</b>	84.232	70.458	267.748	181.877	15.305	<b>619.620</b>		<b>991.286</b>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>												
Eignahlutir í félögum .....	87.542			<b>87.542</b>								<b>87.542</b>
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki - A .....	346.526		(346.526)									
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki - B .....	437.011			<b>437.011</b>							(437.011)	
	871.079		(346.526)	<b>524.553</b>							(437.011)	<b>87.542</b>
<b>Fastafjármunir</b>	871.079	371.666	(346.526)	<b>896.219</b>	84.232	70.458	267.748	181.877	15.305	<b>619.620</b>	(437.011)	<b>1.078.828</b>
<b>Veltufjármunir</b>												
Skammtímakröfur												
Óinnheimtar tekjur .....	38.580			<b>38.580</b>	6.061	269		1.930		<b>8.260</b>		<b>46.840</b>
Aðrar skammtímakröfur .....	149.186	36		<b>149.222</b>		5		34	29	<b>67</b>		<b>149.289</b>
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki - A .....	158.484		(158.484)						6.764	<b>6.764</b>	(6.764)	
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki - B .....	10.604			<b>10.604</b>							(10.604)	
Næsta árs afborgun langtímakrafna - A .....	11.654		(11.654)									
Næsta árs afborgun langtímakrafna - B .....	22.044			<b>22.044</b>							(22.044)	
Handbært fé .....	3.220			<b>3.220</b>	25		1			<b>26</b>		<b>3.246</b>
<b>Veltufjármunir</b>	393.772	36	(170.138)	<b>223.671</b>	6.087	273	1	1.964	6.793	<b>15.118</b>	(39.412)	<b>199.376</b>
<b>Eignir samtals</b>	1.264.851	371.702	(516.664)	<b>1.119.890</b>	90.319	70.731	267.749	183.841	22.098	<b>634.738</b>	(476.424)	<b>1.278.204</b>

## Efnahagsyfirlit 31.12. 2011

	Aðal- sjóður	Eigna- sjóður	Milli- færslur	Samtals A - hluta stofnanir	Hafnar- sjóður	Vatns- veita	Félags- heimili	Félagsl. íbúðir	Fráveita	Samtals B - hluta stofnanir	Milli- færslur	Saman- tekinn reikningur
<b>Skuldir og eigið fé</b>												
<b>Eigið fé</b>												
Eigið fé .....	436.856	(150.424)		<b>286.432</b>	(25.816)	(12.664)	(4.151)	(130.495)	(23.777)	<b>(196.902)</b>		<b>89.530</b>
	436.856	(150.424)		<b>286.432</b>	(25.816)	(12.664)	(4.151)	(130.495)	(23.777)	<b>(196.902)</b>		<b>89.530</b>
<b>Skuldbindingar</b>												
Lífeyrisskuldbindingar .....	96.453			<b>96.453</b>								<b>96.453</b>
<b>Langtímaskuldir</b>												
Skuldabréf hjá Lánasjóði sveitarfélaga .....	420.148			<b>420.148</b>								<b>420.148</b>
Skuldabréf hjá bönkum og sparisjóðum .....	25.015			<b>25.015</b>	106.058					<b>106.058</b>		<b>131.072</b>
Skuldabréf hjá öðrum lánastofnunum .....	77.593	5.422		<b>83.015</b>				247.226		<b>247.226</b>		<b>330.241</b>
Skuldir við eigin fyrirtæki - A .....		358.180	(358.180)			83.394	271.716	58.069	45.876	<b>459.055</b>	(459.055)	
Næsta árs afborganir .....	(74.364)	(13.575)	11.654	<b>(76.285)</b>	(10.956)	(4.033)	(6.339)	(18.486)	(2.218)	<b>(42.031)</b>	23.382	<b>(94.934)</b>
	448.391	350.027	(346.526)	<b>451.892</b>	95.102	79.362	265.377	286.810	43.657	<b>770.308</b>	<b>(435.673)</b>	<b>786.527</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>												
Skuldir við lánastofnanir .....	16.569			<b>16.569</b>								<b>16.569</b>
Viðskiptaskuldir .....	128.494			<b>128.494</b>	1.444					<b>1.444</b>		<b>129.938</b>
Skuldir við eigin fyrirtæki - A .....		158.484	(158.484)		5.356			4.720		<b>10.076</b>	(10.076)	
Skuldir við eigin fyrirtæki - B .....	6.764			<b>6.764</b>							(6.764)	
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	74.364	13.575	(11.654)	<b>76.285</b>	10.956		6.339	18.486		<b>35.780</b>	(17.131)	<b>94.934</b>
Næsta árs afborganir langtímaskulda - A .....						4.033			2.218	<b>6.251</b>	(6.251)	
Aðrar skammtímaskuldir .....	56.960	40		<b>57.000</b>	3.277		184	4.320		<b>7.781</b>	(528)	<b>64.253</b>
	283.151	172.100	(170.138)	<b>285.112</b>	21.033	4.033	6.523	27.526	2.218	<b>61.332</b>	<b>(40.750)</b>	<b>305.694</b>
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>	<b>827.995</b>	<b>522.126</b>	<b>(516.664)</b>	<b>833.458</b>	<b>116.135</b>	<b>83.394</b>	<b>271.900</b>	<b>314.336</b>	<b>45.876</b>	<b>831.640</b>	<b>(476.424)</b>	<b>1.188.674</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>1.264.851</b>	<b>371.702</b>	<b>(516.664)</b>	<b>1.119.890</b>	<b>90.319</b>	<b>70.731</b>	<b>267.749</b>	<b>183.841</b>	<b>22.098</b>	<b>634.738</b>	<b>(476.424)</b>	<b>1.278.204</b>

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B-hluta. Til A-hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð.

Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Hafnarsjóður, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir og Félagsheimili.

Ársreikningur Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2011 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning.

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2011 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekn reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að lóðir og lendur hjá Eignarsjóði hafa verið endurmetnar.

### Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs og Eignarsjóðs. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B-hluta fyrirtækja. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattgildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.

Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2011	2010	31.12.2011	31.12.2010
Evra (EUR) .....	161,42	161,89	158,84	153,80
Bandaríkjadalur (USD) .....	116,07	122,04	122,71	115,05
Sterlingspund (GBP) .....	186,00	188,55	189,43	178,47
Kanadadalur (CAD) .....	117,31	118,46	120,21	115,26
Dönsk króna (DKK) .....	21,67	21,74	21,37	20,64
Norsk króna (NOK) .....	20,70	20,21	20,40	19,67
Sænsk króna (SEK) .....	17,88	16,96	17,79	17,16
Svissneskur franki (CHF) .....	131,20	117,24	130,66	122,91
Japanskt jen (JPY) .....	1,4583	1,3927	1,5853	1,4143

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaöfðir (framhald)

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili þegar hann fellur til.

### Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útstandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu er færð í rekstrarreikning.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur þeim muni nýtast í rekstrinum og unnt er að meta kostnað vegna þeirra með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, en það samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna Eignasjóðs lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirðis, en þó eigi hærri verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur Eignasjóðs eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að fráðregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftartími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftaráminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði.

### Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum verið færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og ekki er færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs.

Eignarhlutar B hluta fyrirtækja í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

### Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eingar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanefndum við innheimtu þeirra, sbr. kafla hér frammar um niðurfærslu eigna.

### Birgðir

